



Reykjavík, 15. júní 2012

**Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti**

Hinn 23. maí 2012 gerðu Fjármálaeftirlitið og HS Orka hf. með sér sátt vegna brots félagsins á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst HS Orka hf., sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa ekki skilað lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum á réttum tíma þrátt fyrir áminningu þar um.

Í samræmi við 128. gr. vvl. ber útgefanda að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Samhliða sendingu lista yfir fruminnherja ber útgefanda að senda lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum, sbr. 15. gr. reglna nr. 987/2006 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat stofnunarinnar að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 500.000,-.